

Mál nr. 257/2024**Nafn málskotsaðila (M)****VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 4. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 20. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreiðinni A hafi verið ekið aftan á bifreið M þann 7. september 2023. Bifreiðin var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá V á slysdegi. M leitaði á Læknavaktina vegna bakverkja daginn eftir slysið. Því næst leitaði hún til læknis þann 11. september 2023 og svo ítrekað eftir það. Var hún með öllu óvinnufær frá slysdegi til 1. mars 2024. M tilkynnti tjón sitt til V þann 3. október 2023. Með bréfi dags. 18. mars 2024, hafnaði V bótaábyrgð með vísan til þess að orsakatengsl væru ekki til staðar á milli umferðarslyssins og einkenna M. Vísaði V í því samhengi til samskiptaseðils Læknavaktarinnar dags. 8. september 2023 og hraða- og höggkraftsútreiknings, svokallaðrar PC-crash skýrslu.

M byggir á því að umferðarslysið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Telur M ljóst að orsakasamband sé til staðar á milli líkamstjóns hennar og umferðarslyssins. M kveðst hafa glímt við léttvæga bakverki fyrir slys en af sjúkraskrá hennar verði ráðið að hún hafði aldrei þurft að leita sér lækniáðstoðar vegna þess. Slysið gerði það að verkum að bakverkir hennar versnuðu til muna. Í kjölfar slyssins leitaði hún margofter til læknis vegna bakverkja sem höfðu það m.a. í för með sér að hún var óvinnufær með öllu í u.þ.b. sex mánuði. Byggir M á því að svonefnd PC-skýrsla, sem V aflaði einhliða, hafi ekki sönnunargildi við mat á því hvort orsakasamband sé fyrir hendi á milli líkamstjóns M og árekstursins. Vísar M til dóma Hæstaréttar þar sem skýrslum sem þessum hefur verið hafnað.

V ítrekar fyrri afstöðu félagsins og bendir á að M leitaði til Læknavaktarinnar daginn eftir slysið vegna verkja í baki með leiðni niður í hægri rasskinn og aftanvert læri sem hún hafði þjáðst af í einn og hálfan mánuð. M minnst ekkert á umferðarslysið í þeirri komu til læknis. Í læknisvottorði vegna umsóknar um endurhæfingarlífeyri kemur fram að við segulóm skoðun hafi komið í ljós brjós-klos á milli hryggjarliða L4 og L5 sem klemmir rót L5 taugarinnar. Telur lækni-rinn að þetta skýri öll hennar einkenni. Telur V ómögulegt að umrætt brjós-klos hafi komið til vegna afleiðinga umferðarslyssins þann 7. september 2023. Í fyrsta lagi voru einkennin komin til löngu áður en slysið átti sér stað og í öðru lagi sé ómögulegt að höggið af árekstrinum, sem var mjög vægur, hafi komið af stað brjós-klosi. Af myndum af bifreiðunum megi ráða að skemmdir voru nánast engar og samkvæmt niðurstöðu PC-Crash útreiknings dags. 13. febrúar 2024 var þyngdarkraftur sem verkaði á bifreið málskotsaðila 0,55 G, sem er ákaflega lítið. M hafi ekki óskað mats á meintum afleiðingum slyssins. Ekki liggi fyrir matsgerð þar sem tekin er afstaða til orsakatengsla milli slyssins og þeirra einkenna sem M rekur til þess. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M hallan af því að engin slík sönnun liggi fyrir.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að það sé ekki skilyrði fyrir bótaskyldu að slys sé meginorsök líkamstjóns heldur nægi að hin bótaskylda háttsemi sé meðorsök líkamstjónsins. Slysið hafi gert það að verkum að bakverkir hennar versnuðu til muna. Fær það stoð í sjúkraskrá M. Það eigi ekki að hafa áhrif á bótarétt hennar að hún hafi verið viðkvæmari en ella fyrir afleiðingum árekstursins. Þeir bakverkir sem M glímdi við fyrir slysið öllu því að hún var viðkvæmari fyrir tjóni, þannig að vægur árekstur var líklegri til að valda henni tjóni en heilsuhaustum einstaklingi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 7. september 2023. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af skýrslu um hraða- og höggkraftsútreikning dags. 13. febrúar 2024,

sem V aflaði, má ráða að áreksturinn var vægur. Ekki verður litið fram hjá því að ekki var samkomulag um öflun hennar þó V hafi látið M vita af gerð skýrslunnar. Þó skýrslan lýsi litlum höggkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af niðurstöðu skýrslunnar. Líta verður heildstætt á öll þau gögn sem liggja fyrir, einnig læknisfræðileg gögn þegar tekin er afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Slíkt mat er einstaklingsbundið og ræðst af fjölda þátta hverju sinni.

Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði daginn eftir slys á Læknavaktina vegna bakverkja. Tengdi hún einkenni sín þann dag ekki við umferðarslysið daginn áður en horfa verður til þess að M talar ekki íslensku og litla ensku svo mögulegt er því að ekki hafi verið rétt haft eftir henni. Við komu til heimilislæknis nokkrum dögum síðar, eða þann 14. september 2023 lýsir M versnun á fyrri bakeinkennum í kjölfar umferðarslyssins. Leitaði hún næstu vegna einkenna sinna ítrekað til lækna og var með öllu óvinnufær frá slysdegi til 1. mars 2024. Fyrir umferðarslysið hafði hún aldrei leitað til læknis á heilsugæslunni vegna bakeinkenna. Hefur hún einnig leitað til sjúkrabjálfa vegna einkenna sinna. Hafa einkenni M verið viðvarandi þrátt fyrir þá meðferð sem hún hefur sótt. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir einhverju tjóni þó ekki liggi fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um læknisfræðileg orsakatengsl milli áreksturs og einkenna tjónþola. Af PC-crash skýrslu sem V byggir mál sitt á, verða ekki dregnar það víðtækar ályktanir að M geti ekki hafa orðið fyrir neinu tjóni við áreksturinn þar sem læknisfræðileg gögn styðja að svo geti verið. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón með matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 22. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir